

T I L L A G A

að þingsályktun um brottfall starfsreglna.

(Lagt fyrir 64. kirkjuþing 2022-2023).

Flutt af Bryndísi Möllu Elídóttur og Stefáni Magnússyni.

Frsm. Bryndís Malla Elídóttir.

Kirkjuþing 2022 – 2023 samþykkir að brott falli endanlega eftirtaldar starfsreglur kirkjuþings frá og með 1. janúar 2023, í samræmi við 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögum um þjóðkirkjuna nr. 77/2021.

Starfsreglur um:

- samfélags- og fræðslunefnd þjóðkirkjunnar nr. 1111/2018, sbr. starfsrgl. nr. 402/2021.
- samkirkjunefnd þjóðkirkjunnar nr. 1006/2005, sbr. starfsrgl. nr. 1023/2014 og nr. 1051/2018.
- þjálfun djáknaefna nr. 843/2003, sbr. starfsrgl. nr. 1051/2018.
- þjálfun prestsefna nr. 788/2002, sbr. starfsrgl. nr. 1008/2005 og nr. 954/2010.

Greinargerð.

Í lögum um þjóðkirkjuna nr. 77/2021 segir svo í 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða:

Starfsreglur og samþykktir, sem kirkjuþing hefur sett eða samþykkt í gildistíð laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, halda gildi sínu, eftir því sem við á, þar til kirkjuþing hefur fellt þær niður, breytt þeim eða sett eða samþykkt nýjar, þó eigi síðar en 31. desember 2021.

Kirkjuþing 2021 – 2022 samþykkti starfsreglur um áframhaldandi gildi tiltekinna starfsreglna kirkjuþings til 1. janúar 2023, til að tími gæfist til að endurskoða regluverkið. Þær starfsreglur sem greinir í tillögu þessari falla allar úr gildi samkvæmt tilvitnuðu ákvæði til bráðabirgða 31. desember 2022.

Aukakirkjuþing 2021 kaus þann 27. ágúst það ár starfshóp – starfsreglunefnd - þriggja kirkjuþingsfulltrúa til tillögugerðar um áframhaldandi gildi starfsreglna kirkjuþings.

Starfsreglunefndin setti sér þau viðmið í byrjun að leitast yrði við að einfalda starfsreglusafn kirkjunnar og stytta starfsreglur þar sem því yrði við komið.

Starfsreglunefndin lagði fram ýmsar tillögur að nýjum starfsreglum fyrir kirkjuþing 2021 – 2022, sem hafa verið samþykktar, en vegna mikils umfangs verkefnis hópsins var talið rétt að fresta framlagningu ýmissa mála til kirkjuþings 2022 – 2023 og er þetta eitt þeirra.

Starfsreglur um samfélags- og fræðslunefnd þjóðkirkjunnar voru samþykktar á kirkjuþingi 2018. Fræðslumál eru á ábyrgð biskupsembættisins.

Starfsreglur um samkirkjunefnd þjóðkirkjunnar voru samþykktar á kirkjuþingi 2005. Það er tekið fram í 1. gr. starfsreglnanna að biskup Íslands fari með samkirkjuleg mál fyrir hönd þjóðkirkjunnar.

Starfsreglur um þjálfun djáknaefna voru samþykktar á kirkjuþingi 2003 og um þjálfun prestsefna á kirkjuþingi 2002. Starfsþjálfun djáknaefna og prestsefna er ætlað að tryggja að viðkomandi öðlist sem mesta færni til að starfa í vígðri þjónustu innan þjóðkirkjunnar. Starfsþjálfun er hluti af mannauðsmálum þjóðkirkjunnar og fer biskup með þau mál samkvæmt fyrrnefndu skipuriti.

Það er mat starfshópsins að þau málefni sem þeir fjórir bálkar starfsreglna sem lagt er til að falli niður samkvæmt tillögu þessari, séu nú, með nýjum þjóðkirkjulögum, viðfangsefni sem biskup Íslands ber ábyrgð á og stýrir. Sé því ekki rétt að kirkjuþing hlutist til um þau viðfangsefni eftirleiðis með starfsreglum. Felst ekki í tillögu þessari að verkefnum þeim sem starfsreglur þessar mæla fyrir um verði ekki sinnt áfram heldur að biskupsembættið taki við þeim og fái svigrúm til að skipa þeim eins og best þykir henta. Í samþykkt aukakirkjuþings 2021, í 7. máli um stjórnskipan kirkjustjórnarinnar og skipurit og í starfsreglum um Þjónustumiðstöð þjóðkirkjunnar nr. 56/2021 er gengið út frá því að þau málefni sem starfsreglurnar fjalla um séu á sviði biskupsþjónustunnar. Í 3. gr. starfsreglnanna um Þjónustumiðstöðina er gengið út frá því að biskup móti nánari stefnu, viðmið og verkferla fyrir sitt svið – biskupsstofu- eftir því sem þurfa þykir. Enn fremur stuðlar tillaga þessi að einföldun regluverks þjóðkirkjunnar sem er eitt af markmiðum með tillögum starfsreglunefndar eins og fyrr segir.

Samþykkt tillögu þessarar felur ekki í sér kostnað fyrir þjóðkirkjuna.